

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðaukum III B og IV B við tollalög nr. 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
			kg	%	kr./kg
0701.9001	Bökunarkartöflur, 65 mm eða stærri	01.07.-30.09.06	ótilgr.	0	0
0701.9009	Annars (kartöflur)	01.07.-06.08.06	ótilgr.	0	0
0701.9009	Annars (kartöflur)	07.08.-30.09.06	ótilgr.	0	60
0703.9001	Blaðlaukur	01.07.-30.09.06	ótilgr.	0	0
0704.1000	Blómkál	01.07.-23.07.06	ótilgr.	0	0
0704.1000	Blómkál	24.07.-30.09.06	ótilgr.	0	176
0704.9001	Hvítkál	01.07.-23.07.06	ótilgr.	0	0
0704.9001	Hvítkál	24.07.-30.09.06	ótilgr.	0	79
0704.9002	Rauðkál	01.07.-10.09.06	ótilgr.	0	0
0704.9002	Rauðkál	11.09.-30.09.06	ótilgr.	0	110
0704.9003	Kínakál	01.07.-09.07.06	ótilgr.	0	0
0704.9003	Kínakál	10.07.-30.09.06	ótilgr.	0	206
0704.9004	Spergilkál	01.07.-23.07.06	ótilgr.	0	0
0704.9004	Spergilkál	24.07.-30.09.06	ótilgr.	0	282
0706.1000	Gulrætur og næpur	01.07.-06.08.06	ótilgr.	0	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	07.08.-30.09.06	ótilgr.	0	136
0706.9001	Gulrófur	01.07.-30.09.06	ótilgr.	0	0
0706.9002	Rauðrófur	01.07.-30.09.06	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	01.07.-27.08.06	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	28.08.-30.09.06	ótilgr.	0	193
0709.5100	Sveppir	01.07.-30.09.06	ótilgr.	0	80

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til og með 30. september 2006.

Landbúnaðarráðuneytinu, 30. júní 2006.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Arnór Snæbjörnsson.

B-deild – Útgáfud.: 30. júní 2006